

## FUNDARGERÐ

Ár 2020, laugardaginn 20. júní var haldinn aðalfundur veiðifélags Laxár í Hvammssveit og hófst hann kl 14.10 að Leysingjastöðum í Dalabyggð.

Fundinn sátu: Helga Jóna Benediksdóttir, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Bergljót Kristjánsdóttir Jón Egill Jóhannsson, Einar Jón Geirsson, Hjalti Freyr Kristjánsson og Erla Kr. Bergmann. Fundarstjóri var Helga Jóna Benediksdóttir, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Lögð voru fram eftirfarandi umboð :

1. Umboð frá Ríkiseignum, dags. 4. júní 2020, til handa Hjalta Frey Kristjánssyni vegna Sælingsdals.
2. Umboð frá Ernu Stefánsdóttur til handa Hjalta Frey Kristjánssyni, ódags.
3. Umboð frá Einari Bergmann til handa Erlu Kr. Bergmann, dags. 20. júní 2020.

Einar Jón Geirsson fer með umboð Dalabyggðar samkvæmt bókun fundar í sveitarstjórn.

### **Petta gerðist:**

1. Kynnt var fyrirhuguð lagning jarðstrengs af hálfu RARIK. Fyrir liggur umsögn frá Hafrannsóknastofnun, dags. 4. júní 2020, varðandi þann hluta framkvæmdanna sem felst í að leggja streng undir ána. Fram kemur þar að ef farið verði rétt að framkvæmdinni verði ekki séð að hún hafi umtalsverð áhrif á lífríki eða veiðinýtingu. Veiðiréttarhöfum er kunnugt um framkvæmdina.
2. Lagður fram ársreikningur félagsins fyrir árið 2019. Samþykktur samhljóða.
3. Lögð fram til kynningar veiðibók ársins 2019.
4. Farið yfir skiptingu veiðidaga í ánni í sumar. Fundarmenn undirrituðu yfirlýsingu um skiptingu daganna.
5. Stjórn veiðifélagsins lagði fram tillögu þess efnis að gengið verði til samninga við Laxmenn um áframhaldandi veiði til þriggja til fimm ára. Fimm voru samþykkið tillögunni og þrír á móti. Tillagan telst því samþykkt.
6. Gengið var til kosninga í stjórn veiðifélagsins. Bergljót Kristjánsdóttir fer með atkvæði Lauga. Atkvæði féllu á eftirfarandi hátt:

Helga Jóna Benediksdóttir

5 atkvæði

Eyjólfur Ingvi Bjarnason	4 atkvæði
Jón Egill Jóhannsson	7 atkvæði
Erna Stefánsdóttir	3 atkvæði
Hjalti Freyr Kristjánsson	3 atkvæði

Rétt kjörin í stjórn eru því Helga, Eyjólfur og Jón Egill.

7. Gengið var til kosningar varamanna í stjórn veiðifélagsins.  
Atkvæði féllu á eftirfarandi hátt:

Fulltrúi Dalabyggðar	6 atkvæði
Hjalti Freyr Kristjánsson	4 atkvæði
Fulltrúi Ríkiseigna	1 atkvæði
Erna Stefánsdóttir	3 atkvæði
Bergljót Kristjánsdóttir	2 atkvæði

Rétt kjörnir varamenn í stjórn eru því fulltrúi Dalabyggðar og Hjalti Freyr.

8. Skoðunarmenn reikninga voru samhljóða kjörnir að viðhafðri handauppréttingu;  
fulltrúi Dalabyggðar og Bergljót Kristjánsdóttir til vara.
9. Rætt um forsendur nýs samnings um veiði í ánni.

Fleira ekki gert.  
Upplesið, staðfest.  
Fundir slitið kl. 15.20.

Helga Jóna Benediktsdóttir (sign.)  
Bergljót Kristjánsdóttir (sign.)  
Eyjólfur Ingvi Bjarnason (sign.)  
Jón Egill Jóhannsson (sign.)  
Hjalti Freyr Kristjánsson (sign.)  
Einar Jón Geirsson (sign.)  
Erla Kr. Bergmann (sign.)